

Ed.

293. Nefndarálit

[143. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 28. maí 1981.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. en þó haft til þess takmarkaðan tíma. Áður en frv. var vísað til nefndar í neðri deild, en þar hefur frv. verið samþykkt óbreytt, voru haldnir sameiginlegir fundir sjávarútvegsnefnda beggja deilda og rætt við nokkra aðila. Í þeim viðtölum kom m. a. fram að erfiðleikar í sjávarútvegi voru af ýmsum orsökum, þ. á m. vegna skorts á skipulagningu veiða og vinnslu og aflabrests. Við umfjöllun um frv. á hinum sameiginlegu fundum sjávarútvegsnefndanna voru nefndarmenn sammála um að nauðsynlegt væri að grípa til ákveðnari aðgerða við stjórn fiskveiða heldur en gert hefur verið. Nokkrir nefndarmenn, bæði úr flokkum stjórnar og stjórnarandstöðu, lýstu yfir andstöðu sinni við þau ákvæði þessa frv. sem hafa að geyma miklu ótvíræðari og víðtækari heimildir til handa sjávarútvegsráðherra um stjórn og takmörkun fiskveiða en áður hafa þekkt eða finna má í gildandi lögum.

Við teljum það rangt að fela ráðherra að marka aðalatriði fiskveiðistefnu. Sú stefnumörkun á að vera Alþingis. Ef sérstakar ástæður og tímaleysi gera það nauðsynlegt að veita ráðherra slíkt vald á að binda ákvarðanatöku ráðherra skyldu til samráðs við nánustu hagsmuna- og sérfræðiaðila.

Við, sem stöndum að þessu nefndaráliti, teljum að þau vinnubrögð, sem viðhöfð hafa verið við undirbúning og framlagningu þessa frumvarps, séu mjög ámælisverð.

Í fyrsta lagi er frumvarpið það seint lagt fram að ekki hefur gefist tími til að senda það til umsagnar, svo að efni þess og tilgangur fengi edlilega og nauðsynlega umræðu meðal hagsmunaaðila og almennings — og á Alþingi.

Í öðru lagi bendir flest til þess að jafnvel þótt fallist sé á skoðanir sjávarútvegsráðherra, að Alþingi beri að afhenda honum allt það vald sem hann óskar eftir samkv. þessu frumvarpi, sé ástædulaust að gera það fyrr en síðustu daga janúar n. k. Undirbúningur þeirra stjórnunaraðgerða, sem fyrirhugaðar eru, er það skammt á veg kominn að ljóst er að tillögum um þær verður ekki lokið fyrr en 1. febrúar n. k.

Minni hl. sjávarútvegsnefndar lagði höfudáherslu á í nefndarstörfum að ná samkomulagi um afgreiðslu málsins og óskaði eftir því við sjávarútvegsráðherra að hann gæfi yfirlýsingu um að hann legði að loknu þinghléi fyrir Alþingi þingsályktunartillögu um mótun og framkvæmd fiskveiðistefnu fyrir árið 1984. Eftir langt samningaþóf var þessari ósk, og þar með samkomulagi, hafnað.

Undirritaðir nefndarmenn munu leggja fram breytingartillögu á sérstöku þskj. til staðfestingar áðurgreindu samningstilboði.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir sat nefndarfundi sem áheyrnarfulltrúi og er aðili að þessu álit.

Alþingi, 19. desember 1983.

Kolbrún Jónsdóttir,
fundaskr.

Karl Steinar Guðnason,
frsm.

Skúli Alexandersson.